

## **Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þann 25. mars 2013 og hófst kl 17:00**

**Mættir:** Ævar Rafn Marinósson formaður, Sigríður Gamalíelsdóttir, Hafliði Jónsson, Kristján Indriðason og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð. Indriði Þóroddsson boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

Ævar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Fjallskil 2012 – uppgjör  
Lagt fyrir endanlegt uppgjör og það samþykkt.
2. Fjallskil 2013  
Rætt um fjallskil fyrir árið 2013. Skiptar skoðanir eru á fjallskilum, hvar eigi að byrja og hvenær. Landbúnaðarnefnd telur mikilvægt að taka þessu umræðu á opnum fundi meðal bænda.
3. Girðingarmál  
Nauðsynlegt er að lengdarmæla ýmsa girðingarkosti. Mikilvægasta girðingin að mati landbúnaðarnefndar er girðingin ofan við veg frá Miðfjarðará að ristahliðinu upp á Brekknaheiði. Hagræða mætti í smölunum með girðingum.
4. Opinn fundur um landbúnaðarmál í Langanesbyggð  
Ákveðið að halda fundinn um miðjan apríl. Einar Ófeigur nýkjörinn stjórnarmaður hjá Bændasamtökum Íslands er tilbúinn að koma á fundinn með erindi. Dagsetning verður ákveðin í samráði við Einar Ófeig. Sirrý falið að auglýsa fundinn í Skeglunni og senda bréf á alla fjáreigendur í Langanesbyggð.
5. Önnur mál  
Dagskrá næsta landbúnaðarnefndarfundar rædd.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 18:45